

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 1999

18. maí 1999

1013

Nr. 374

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá Fjallasjóðs,
nr. 504 16. október 1991.**

Stjórn Fjallasjóðs hefur hinn 15. apríl 1999 samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 16. október 1991.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur, frjáls framlög viðskiptavina og framlög stofnenda.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. maí 1999.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

31. maí 1999

Nr. 375

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir nýtt iðnaðarsvæði á Hvammstanga.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti þann 11. mars 1999 deiliskipulag fyrir nýtt iðnaðar- og athafnasvæði, svokallað Búlandssvæði, á Hvammstanga, Húnaþingi vestra. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Ofangreint deiliskipulag öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 31. maí 1999.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Húnaþings vestra,

Haraldur V. Haraldsson.

28. maí 1999

Nr. 376

AUGLÝSING

**um deiliskipulag með Þjóðbraut frá Innnesvegi
að svonefndri Skógargötu á Akranesi.**

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 9. febrúar 1999 var samþykkt deiliskipulag með Þjóðbraut frá Innnesvegi að svonefndri Skógargötu á Akranesi, eftir að það hafði verið auglýst samkvæmt 1. og 2. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.